



Júní 2020

HVATARBLAÐIÐ

Opinn fundur verður haldinn í Félagsheimilinu Borg

fimmtudaginn 11. júní nk. kl. 19:30

Dagskrá:

- 1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2019.*
- 2. Heilsueflandi samfélag.*
- 3. Önnur mál.*



**17. júní hátíðarhöld í
Grímsnes- og
Grafningshreppi
falla niður þetta árið
vegna Covid 19**



**482. fundur Sveitarstjórnar
Grímsnes- og Grafningshrepps
06. maí 2020 kl. 09:00 - 11:25
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Sveitarstjórnarmenn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Bjarni Þorkelsson í fjarfundarbúnaði

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2019 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundinn mættu Ólafur Gestsson og Elín Jónsdóttir, endurskoðendur Pwc og fóru yfir reikninginn. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. mars 2020.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. mars 2020 liggur frammi á fundinum.

3. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. mars 2020.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. mars 2020 liggur frammi á fundinum.

4. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. apríl 2020.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. apríl 2020 liggur frammi á fundinum.

5. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 22. apríl 2020 liggur frammi á fundinum.

6. Fundargerðir.

a) Fundargerð 20. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 21. apríl 2020.

Mál nr. 1, 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 20. fundargerð samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 21. apríl 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Úthlutun vegstyrkja til frístundabyggða.

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um vegbætur í frístundabyggð voru teknar fyrir umsóknir félaga frístundabyggða og sumarhúsaeigenda þar sem óskað er eftir styrk til vegabóta. Höfð var hliðsjón af úthlutun síðustu ára, aldur svæðanna og fjölda lóða og húsa á svæðunum.

33 umsóknir bárust, 32 gildar og 1 sem ekki uppfyllskilyrði styrkúthlutunar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að eftirtaldir aðilar fái styrki til vegabóta árið 2020, samtals að fjárhæð kr. 2.300.000.

Félag Lóðareigenda í landi Minna Mosfells (FLUMM)
37.500 kr.

Félag sumarhúsaeigenda í
Öldubbyggð 37.500 kr.

Félag sumarhúsaeigenda við Þórsstíg
37.500 kr.

Félag sumarhúsaeigenda í Kerhrauni E-
svæði 37.500 kr.

Félag Frístundahúsaloðaeigenda Hæðarbrúna í
Grímsnesi 37.500 kr.

Félag sumarhúsaeigenda Syðri Brú
57.500 kr.

Félag lóðareigenda við Birkibraut í

Félag land- og frístundahúsaeigenda við A og B götu úr Norðurkotslandi
57.500 kr.

Systraásar, félag í
frístundabyggð 57.500 kr.

Ásar, frístundabyggð í Búrfelli II
57.500 kr.

Vaðlækur – félag sumarhúsaeigenda við Vaðlækjarveg
57.500 kr.

Brekkubúar, félag sumarhúsaeigenda í Víðibrekku
57.500 kr.

Skógarholtið okkar 57.500
kr.

Félag sumarhúsaeigenda við Kjarrmóa
57.500 kr.

Félag landeigenda í Nesi við Apavatn
75.000 kr.

Klausturhóll sumarhúsafélag 75.000
kr.

Félag sumarbústaðaeigenda í Norðurkotslandi og nágrenni
75.000 kr.

Kerhraun, félag
sumarhúsaeigenda 75.000 kr.

Selhóll 75.000 kr.

Öndverðarnes
ehf. 75.000 kr.

Þristurinn – félag landeigenda við Klausturgötu
75.000 kr.

FÉSO – Félag sumarhúsaeigenda í Oddsholti

Félag lóðarhafa í Miðborgum	75.000 kr.
Félag sumarbústaðaeigenda við 5. braut við Álftavatn	75.000 kr.
Prastaungarnir	75.000 kr.
Félag lóðareigenda í Farengi í landi Miðengis	112.500 kr.
Sumarhúsafélagið Víðihlíð	112.500 kr.
Fururborgir, félag í frístundabyggð	112.500 kr.
Félag lóðarhafa Kiðjabergi	150.000 kr.
Hestur, landeigendafélag	150.000 kr.

Mál nr. 2: Úthlutun styrkja til uppbyggingar flóttaleiða í frístundabyggð.

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um uppbyggingu flóttaleiða í frístundabyggðum voru teknar fyrir umsóknir félaga frístundabyggða og sumarhúsaeigenda þar sem óskað er eftir styrk vegna flóttaleiða. Ein umsókn barst. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þessi umsókn frá Félagi lóðareigenda í Farengi fái alla styrkuppþæðina, þ.e. 500.000 kr.

Mál nr. 3: Tillaga að reglum um kostnaðarþátttöku Grímsnes- og Grafningshrepps við lagningu bundins slitlags á heimreiðar í sveitarfélaginu.

Fyrir liggur tillaga samgöngunefndar um reglur um kostnaðarþátttöku Grímsnes- og Grafningshrepps við lagningu bundins slitlags á heimreiðar í sveitarfélaginu, og verkefnið þannig tekið upp að nýju. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

b) Fundargerð 52. fundar atvinnuálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 24. apríl 2020.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1 Borg í sveit.

Atvinnuálanefnd leggur til, í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu (covid-19), að aflýsa Borg í sveit þetta árið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Borg í sveit verði ekki árið 2020.

c) Fundargerð 194. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 29. apríl 2020.

Mál nr. 16, 17, 18, 19, 20, 21 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 194. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 29. apríl 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 16: 2004032 - Hamrar 3 (224192); umsókn um byggingarleyfi; gestahús.

Fyrir liggur umsókn Eiríks Vignis Pálssonar f.h. Gyðuborga ehf. um byggingarleyfi til að byggja gestahús 54,1 m² á jörðinni Hömrum 3 (L224192) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi og að málið fái málsmeðferð í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Sveitarstjórn telur ekki þörf á grenndarkynningu þar sem um enga aðra hagsmunaaðila er að ræða en landeigendur.

Mál nr. 17: 2004038 - Hestur lóð 90 L168596; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá lóðarhafa Hests lóð 90 L168596 um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hests í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í breytingunni felst að skilmálum er varðar byggingarefni og hámarks grunnflöt bygginga er breytt. Tekin er út kvöð er varðar skilmála um að hús skuli vera úr timbri eða öðru léttu byggingarefni en steinsteypa sé leyfileg til að laga hús að landslagi. Gerð byggingarefnis húsa er því gefin frjálfs en kvaðir um litaval eru óbreytt. Skilmálar er varða að hámarks grunnflötur húsa breytist úr 150 m² í 200 m². Skilmálar deiliskipulagsins breytast ekki að öðru leiti að deiliskipulagsbreyting verði samþykkt og fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi deiliskipulagsbreytingu og að málið fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Sveitarstjórn mælist til þess að

Mál nr. 18: 2004023 - Villingavatn (L170963); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður.

Fyrir liggur umsókn Rúnars Inga Guðjónssonar f.h. Krystian Jerzy Sadowski og Alicja Brygida Sadowski um niðurrif á sumarmúsi 46 m², byggingarár 1973 og byggja nýtt 140 m² sumarmúsi með 6,6 m mænishæð og svefnlofti. Húsið er staðsett innan sumarmúsalandsins Villingavatn (L170963) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða niðurrif á núverandi sumarmúsi innan lóðarinnar og að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir allt að 140 m² sumarmúsi á viðkomandi lóð L170963 í samræmi við framlagða umsókn með fyrirvara um málsmeðferð í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Málið skal grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 19: 2004042 - Brúnavegur 4 L168343; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Heimis Björgvinssonar þar sem óskað er eftir breytingum á deiliskipulagi Ásgarðs í Grímsnesi. Í breytingunni felst að lóð Brúnavegar 4 verður ein lóð í stað tveggja. Breytingin er í takt við núverandi skráningu lóðarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreyting verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða. Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við núverandi skráningu lóðarinnar.

Mál nr. 20: 2004058 - Kiðjaberg Hlíð 27 L227823; Tilfærsla lóðar; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn Péturs Jónssonar f.h. eigenda, dags. 15. apríl 2020 þar sem óskað er eftir samþykki fyrir því að lóðin Kiðjaberg Hlíð 27 L227823 verði hliðruð um 60 m til austurs sem verður þá við hlið lóðar nr. 28 skv. deiliskipulagi. Eftir að farið var á staðinn og landið mælt upp og aðstæður skoðaðar kom í ljós að lega lóðar nr. 27 eins og hún er skv. skipulagi liggur lágt í landi og því hætta á flóði á því svæði.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í að gerð verði breyting á deiliskipulagi svæðisins í samræmi við framlagða fyrirspurn og að lögð verði fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 21: 2004060 - Gámasvæði Seyðishólar; Stækkun svæðis og tilfærsla aðkomu; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi gámasvæðis við Seyðishóla, Grímsnes- og Grafningshreppi, sem samþykkt var í sveitarstjórn 7. maí 2009. Svæðið er staðsett við Búrfellsveg (351) rétt norðan við Biskupstungnabraut. Í breytingunni felst m.a. stækkun skipulagssvæðis, sameining lóða og breyting byggingarreita.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi deiliskipulagsbreytingu og fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Mál nr. 24: 2004002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 119.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. apríl 2020.

d) Fundargerð 38. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 25. febrúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 39. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 26. mars 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 40. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 20. apríl 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 6. fundar vettvangsstjórnar uppsveita Árnessýslu, skv. viðbragðsáætlun um inflúensu og alvarlega sjúkdóma, 28. apríl 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar í máli nr. 2/2020, Sogsbakki 15 Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar frá 20. apríl s.l. í máli nr. 2/2020 vegna kæru eigenda Sogsbakka 15, Grímsnes- og Grafningshreppi um álagningu fasteignaskatta. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

8. Aðalfundur Límtré Vírnet ehf.

Fyrir liggur bréf frá stjórnarformanni Límtré Vírnets ehf., dagsett 27. apríl 2020 um að aðalfundur félagsins verði haldinn þann 13. maí n.k. í Reykjavík. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025, 643. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

10. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins, landeignaskrá, ráðstöfun landeigna, aukið gagnsæi ofl.), 715. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

11. Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Samþykkt er samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi fyrri fund í ágúst. Næstu fundir sveitarstjórnar verða því 20. maí klukkan 13:00, 3. júní, 16. júní, 1. júlí, 15. júlí, 19. ágúst kl: 9:00.

12. Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningsshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skrifstofa Grímsnes- og Grafningsshrepps verði lokað vegna sumarleyfa starfsmanna frá 20. júlí til og með 7. ágúst 2020.

Til kynningar

- Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 292. stjórnarfundar 22.04 2020.

Skapandi og skemmtilegt
sumarstarf fyrir börn og
unglinga í Grímsnes – og
Grafningshreppi.

Sjáið hvað er í boði á
heimassíðu
sveitarfélagsins.
www.gogg.is



483. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps 20. maí 2020 kl. 13:00 - 15:30 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórnarmenn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Steinar Sigurjónsson
- Bjarni Þorkelsson

Fundargerð ritaði: Ása Valdís Árnadóttir

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

- Kauptilboð í Baulurima 39
- Gagnvirkir ferðalag – Markaðsstofa Suðurlands
- Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu veitinga í flokki II kaffihús í Öndverðarnes 1, Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Kynning frá Landsvirkjun

1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningsshrepps.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2019 lagður fram til seinni umræðu.
Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi:

Rekstrarniðurstaða A hluta
kr. 564.792.027

Rekstrarniðurstaða A og B hluta saman kr. 607.426.292

Eigið fé kr. 1.357.047.985

Skuldir	kr. 986.151.384
Eignir	kr. 2.343.199.369
Veltufé frá rekstri	kr. 247.544.059

Ársreikningur samþykktur samhljóða og áritaður af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda íbúafund um ársreikning sveitarfélagsins í Félagsheimilinu Borg, fimmtudaginn 11. júní kl. 19:30.

Ingibjörg Harðardóttir yfirgaf fundinn en Steinar Sigurjónsson tók sæti sem varamaður.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 35. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar, 6. maí 2020.

Mál nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 35. fundargerð æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 6. maí 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar:

Mál nr. 1: 17. júní hátíðarhöld og takmarkanir vegna Covid-19 heimsfaraldurs.

Fyrir liggur tillaga æskulýðs- og menningarmálanefndar um að hátíðarhöldum vegna þjóðhátíðardags Íslendinga 17. júní verði aflýst vegna óvissu um fjöldatakmákanir og ástand í samfélaginu á næstu misserum vegna kórónaveirunnar. Nefndin vil leggja til að þeirri orku og fjármagni sem hefur verið ráðstafað fyrir þetta verkefni verði eytt í aukið framlag til skipulagðs æskulýðsstarfs í sumar og styrkingu þess.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að aflýsa 17. júní hátíðarhöldum árið 2020 eins og nefndin leggur til.

Mál nr. 2: Leikjánaðmskeið og skipulagt æskulýðsstarf í sumar

Fyrir liggja tillögur æskulýðs- og menningarmálanefndar um að í fyrsta lagi verði uppskeruhátíð ungmennafélagsins styrkt af sveitarfélaginu og hún verði opin öllum börnum og ungmennum í sveitafélaginu þar sem fjöldatakmákanir

samráði við Gerði Dýrfjörð og í þriðja lagi að lögð verði aukin orka og tryggt fjármagn til að starf í Vinnuskólanum verði markvisst og sterkt með aukinni fræðslu og náðmskeiðum. Að síðustu hvetur nefndin sveitarstjórn til að kynna sér stöðu ungmenna og möguleikann á að bjóða upp á sumarstörf hjá hreppnum og/eða í samvinnu við fyrirtækin á svæðinu. Það má sjá fordæmi að slíku hjá öðrum sveitarfélögum.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í að haldin verði uppskeruhátíð og hvetur stjórn ungmennafélagsins til að vera í sambandi við oddvita þegar nánari upplýsingar liggja fyrir. Sveitarstjórn hefur nú þegar samþykkt lengri opnunartímabil fyrir félagsmiðstöðina og jafnframt auglýst sumarstarf á vegum sveitarfélagsins.

b) Fundargerð 195. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 13. maí 2020.

Mál nr. 11, 12 og 30 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar

Lögð fram 195. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 13. maí 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 11: 2004062 - Sogsvegur 18 L169548; Norðurkot; Skipting lands; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Helga Birgissyni lögmanni f.h. landeiganda óskipts lands Norðurkots L169548 um heimild fyrir breytingu á deiliskipulagi í samræmi við samning um slit sameignar og skiptingu óskipts jarðarhluta Norðurkotslands í Grímsnes- og Grafningshreppi (Sogsvegur 18). Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að umsækjandi annist gerð tillögu deiliskipulagsbreytingar í samræmi við samning um skiptingu óskipts lands Norðurkots L169548.

Mál

nr. 12: 2005024 - Heiðarbraut 22 L208468; Breytt stærð byggingarreits fyrir aukahús; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Steinunni Þorsteinsdóttur f.h. Kaki efh. um breytingu á deiliskipulagi Minibæjar í Grímsnesi nr.7301 frá 2006. Í breytingunni felst að skilmálum er varðar hámarks byggingarmagn úthúsa er breytt úr 25 m² í 40 m². Skilmálar deiliskipulags breytast ekki að öðru leiti. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og að tillagan fái málsmeðferð á grundvelli 1.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Sveitarstjórn mælist jafnframt til þess að skilmálum um að nýtingarhlutfall lóða megi að hámarki vera 0,03 verði bætt við skilmála skipulagsins.

d) Fundargerð 15. stjórnarfundar Bergrisans, 1. apríl 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 16. stjórnarfundar Bergrisans, 5. maí 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð framkvæmdarráðs Almanna- og Almannavarna Árnassýslu, 27. janúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð framkvæmdarráðs Almanna- og Almannavarna Árnassýslu, 8. maí 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 7. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 28. apríl 2020

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 75. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 26. febrúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 76. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 1. apríl 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til sölu veitinga í flokki III í Félagsheimilinu Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 11. maí 2020 um umsögn vegna leyfis til veitingasölu í flokki III í Félagsheimilinu Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.

4. Tölvupóstur frá Ólöfu Harðardóttur f.h. úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem tilkynnt er um kærnu vegna ákvörðunar byggingarfulltrúa um að breyta ekki skráningu á sumarbústað í íbúðarhús.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ólöfu Harðardóttur f.h. Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. maí 2020 þar sem tilkynnt er um stjórnsýslukæru. Einnig er óskað eftir gögnum og sveitarfélaginu gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni

5. Tölvupóstur frá Hermanní Sigurðssyni vegna skipulagsmála.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Hermanní Sigurðssyni, dags. 9. maí 2020 vegna mistaka við gerð deiliskipulags frístundahúsabyggðar í landi Ásgarðs, Hluta III.

Jafnframt er lagt fram svarbréf lögmanns sveitarfélagsins, Óskars Sigurðssonar hrl. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða svarbréf Óskars og felur honum að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

6. Bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga um umfjöllun sambandsins um dóm Hæstaréttar frá 14. maí 2019.

Fyrir liggur bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdarstjóra, Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. maí 2020 um umfjöllun sambandsins um dóm Hæstaréttar frá 14. maí 2019. Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Guðmundi Erni Sverrissyni fjármálastjóra, fyrir hönd Bandalags íslenskra skáta um áhrif samkomubanns á Útílífsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni.

Fyrir liggur bréf frá Guðmundi Erni Sverrissyni fjármálastjóra, dags. 30. apríl 2020 fyrir hönd Bandalags íslenskra skáta um áhrif samkomubanns á Útílífsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni. Óskað er eftir að Grímsnes- og Grafningshreppur veiti Útílífsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda frá 1. maí 2020 til ársloka árið 2020. Til vara er óskað eftir 60% afslætti af fasteignagjöldum fyrir sama tímabil. Til þrautavara er óskað eftir frestun gjaldþaga fasteignagjalda á tímabilinu um 12 mánuði. Sveitarstjórn hafnar erindinu og oddvita falið að kynna mögulegar úrlausnir vegna Covid-19.

8. Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 2020.

Fyrir liggur bréf frá Sigurði Sigursveinssyni fyrir hönd Háskólafélags Suðurlands, dagsett 15. maí 2020 um að aðalfundur félagsins verði haldinn þann 26. maí n.k. í fjárfundi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

9. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns), 707. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

11. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum (átak í fráveitumálum), 776. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

12. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun (niðurlagning flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara), 734. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

13. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um fjarskipti, 775. mál

Frumvarpið lagt fram til kynningar

14. Önnur mál

a) Kauptilboð í Baulurima 39

Fyrir liggur kauptilboð í sumarhúsaloðina Baulurima 39 í Klausturhólalandi að fjárhæð kr. 1.300.000.-. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera gagntilboð og felur oddvita að vinna málið áfram.

b) Gagnvirkt ferðalag – Markaðsstofa Suðurlands

Fyrir liggur tölvupóstur frá Dagnýju H. Jóhannsdóttur, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Suðurlands dags. 15. maí 2020 þar sem verkefnið Gagnvirkt ferðalag er kynnt og jafnframt er óskað eftir stuðningi Grímsnes-og Grafningshrepps að upphæð 114.377 kr., sem skiptist í 75.000 kr. grunnframlag hvers sveitarfélags og 80 kr. per. íbúa.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu.

c) Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu veitinga í flokki II kaffihús í Öndverðarnes 1, Grímsnes-og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 15. maí 2020 um

d) Kynning frá Landsvirkjun

Á fundinn mættu Auður Nanna Baldvinsdóttir og Albert Guðmundsson frá Landsvirkjun og kynntu mögulega vetnisvinnslu við Ljósafossstöð.

Til kynningar

- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 882. stjórnarfundar, 29.04 2020.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Fréttir af Kvenfélagi Grímsneshrepps

Gjafir til samfélagsins

Í vetur fórum við af stað með nýtt verkefni sem hefur tvíþættan tilgang, að nýta afganga sem annars hefðu dagað uppi eða farið í ruslið og gefa hjálparseitinna birgðir sem þau geta haft til taks í tækjum sínum ef þau þurfa að klæða kalda og blauta aðila í hlýju. Spottaverkefnið gengur út á það að þær sem vilja þrjóna þrjóni úr afgangi ullargarni/lopa sem fellur til húfur, vettlinga eða sokka í öllum stærðum. Í maí fór fram formleg fyrsta afhending á spottaverkefninu okkar sem ber heitið Hlýja frá Kvenfélagi Grímsneshrepps. Við hittum formann Hjálparseitarinnar Tintrons og afhentum honum fullan kassa af húfum, vettlingum og sokkum sem verða til taks í bílum Tintron í björgunarstörfum þeirra. Við svöruðum einnig kallinu frá Tintron þegar þau óskuðu eftir stuðningi við að kaupa hjartastuðtæki í bílinn hjá sér. Við ásamt Lionsmönnum gáfum Tintron eitt slíkt tæki í apríl. Á þeim tíma leit mögulega út fyrir að hjálparseitarnar þyrftu að stíga inn í sjúkrahúsnæminga vegna þeirra aðstæðna sem COVID setti samfélagið í. Mikilvægt er að fyrsta hjálp og bjargar séu til staðar í nærumhverfinu, ekki síst á svona tímum.

Þegar óvissan var sem mest og ekki var vitað hvort og hversu mikið álag myndi myndast á sjúkrahúsinu á Selfossi höfðum við samband við HSU og buðum fram aðstoð við að kaupa tæki sem gætu nýst á COVID deildinni. Úr varð að við gáfum HSU tvo súrefnismettunarmæla og einn lífsmarkamæli. Tækin munu svo koma að góðum notum í framtíðinni eftir að faraldrinum líkur.

Grímsævintýri

Á svona tímum er mikilvægt að skoða allar ákvarðanir vel og velta fyrir sér ýmsum sviðsmýndum. Við hjá kvenfélaginu höfum einmitt velt því fram og til baka hvernig og hvort við ættum að halda Grímsævintýrum á dagskrá í ár. Stjórn félagsins hefur fundað, Grímsævintýranefnd hefur fundað, við höfum rætt við forsvarsmenn Tintron og fundað með sveitarstjóra. Ákveðið hefur verið að halda Grímsævintýrum á dagskrá 8. ágúst nk.

Við munum nýta tækifærið sem óvissutímar gefa okkur og vinna ítarlega öryggisáætlun fyrir Grímsævintýrin. Þessa vinnu munum við vinna í þétu samstarfi við sveitarfélagið, Tintron og verkefnastjóra Almannafræðis á Suðurlandi. Við munum vinna áhættugreiningu, skoða stýringu á svæðinu og inni í þeim rýmum sem við nýtum. Skoða hvað svæðið tekur mikinn fjölda og hvað við getum gert til að stýra flæðinu á svæðinu sem og hvernig við bregðumst við ef fjöldinn er kominn í ákveðinn fjölda. Þessi vinna mun ekki bara nýtast fyrir árið í ár heldur einnig til framtíðar.

Út frá þeirri vinnu getum við betur séð hvernig og þá hvort við getum haldið hátíðina í ár, hvort hún verður með óbreyttu sniði, minni í sniðum eða við aflýsum henni. Að sjálfsögðu munum við svo taka stöðuna þegar nær dregur hvort forsendur hafi breyst. Hátíðin er þannig uppsett að það er tiltölulega auðvelt að aflýsa henni með allt að viku fyrirvara ef þörf krefur. En við höldum áfram með bjartsýni og útsjónarsemi á lofti við undirbúning Grímsævintýra og vonumst eftir góðu veðri og góðri heilsu þjóðarinnar. Að því sögðu hefjum við söfnun á tombólúvningum, stórum og smáum :)

Heldriborgaraferðin

Hafið ekki áhyggjur, heldriborgaraferðin verður farin. Við ákváðum að færa hana bara til haustsins í ár. Dagsetning verður auglýst síðar.


Gjöf til kvenna

Minum á fjáröflunarverkefnið *Gjöf til kvenna* sem við kvenfélagskonur eru að vinna að fyrir hönd Kvenfélagsambands Íslands í tilefni 90 ára sambandsins.

Kvennanna kjarkur og þor

Minni svo að lokum á að við erum með bókina okkar um 100 ára sögu félagsins enn til sölu. Hægt er að nálgast bókina hjá félagskonum.

Kvenfélagskveðja,
Laufey Guðmundsdóttir, Formaður



GJÖF TIL KVENNA

SÖFNUNARÁTAK Í TILEFNI 90 ÁRA AFMÆLI
KVENFÉLAGASAMBANDS ÍSLANDS



Armband með steinum 4.500kr - gyllt, silfur eða rósagull



Armband með lettri 3.500kr - Letur: Kærleikur, samvinna, virðing
eða Ég er kvenfélagskona - gyllt, silfur eða rósagull



Omnom súkkulaðipakki 3.500kr



GJÖF TIL KVENNA

SÖFNUNARÁTAK Í TÍLEFNI 90 ÁRA AFMÆLI
KVENFÉLAGASAMBANDS ÍSLANDS

Við ætlum að selja armbönd og súkkulaði á árinu
2020 og safna fyrir tækjabúnaði og hugbúnaði
honum tengdum, sem kemur til með að gagnast
öllum konum um landið allt.

Um er að ræða mónitora og ómtæki, nýja eða
uppfærða eftir því sem við á og rafrænar
tengingar á milli landsbyggðar og LSH.

Slíkt myndi nýtast öllum konum hvort sem er við
meðgöngu og fæðingu, eða skoðana vegna
kvensjúkdóma. Stórkostlegur sparnaður til
lengri tíma gæti falist í því að samtengja
svona landið allt, að ekki sé nú talað um aukið
öryggi fyrir konur, þægindarauka þar sem þær
losna þá við löng ferðalög í öllum veðrum til
Reykjavíkur, en geta þess í stað fengið skoðun
og greiningu í heimabyggð, samtengdar okkar
helstu sérfræðingum hverju sinni.


Pantanir á netfangið
kvenfel@gmail.com eða
hjá Hildi á Stóru-Borg í
síma 863-9503



GRÍMSÆVINTÝRI

Á Borg 8. ágúst

Ef aðstæður leyfa :)



SPOTTAVERKEFNI



Vorgöngur

Árlegar vorgöngur Kvenfélags
Grímsneshrepps verða:

3. júní kl. 18.00 - Þrastaskógur
Hittumst við Þrastarlund

9. júní kl. 18.00 - Mörkin
Hittumst við Mörkina
ATH breytt dagsetning

Allir velkomnir




Skúrað, skrúbbað og bónað

Starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar á Borg hafa haft í nógu að snúast á meðan húsið hefur verið lokað vegna kórónuveirunnar. Búið er að þrifa húsið hátt og lágt, skúra, skrúbba og bóna. Þá hefur verið málað og ýmsar endurbætur verið gerðar. Búið er að ganga frá ráðningu fjögurra sumarstarfsmanna í sumar.



Á myndunum eru þau Rut Guðmundsdóttir, forstöðumaður og Gunnar Bjarni Kristinsson að störfum.



Vonast er til að hægt verði að opna sundlaugina, líkamsræktina og íþróttahúsið í byrjun júní.

Flottir smiðir í leikskólanum

Framtíðarsmiðir Grímsnes- og Grafningshrepps gætu leynst í leikskóladeild Kerhólsskóla því þar er verið að smíða alla daga á útisvæðinu.

Þessir tveir efnilegu piltar báðu um að það yrði tekin mynd af þeim og birt í Hvatarblaðinu.

Að sjálfsgöðu virðum við ósk þeirra en þetta eru þeir

Árni Kristinn Guðnason (til vinstri) og Davíð Máni Karlsson. Þeir verða báðir 6 ára á þessu ári og fara í grunnskólann næsta haust.



Mikið snjóbrott í skóginum við tjaldsvæðið

Það er ekki glæsilegt ástand í furuskóginum við tjaldsvæðið á Borg eftir veturinn því mjög mikið af trjám hafa brotnað í vetur í miklum snjóum og hörðum vetri.

Enn er stór skafl á svæðinu og því hefur ekki verið hægt að fara og fjarlægja brotnu greinarnar en það verður gert um leið og tækifæri gefst.



Duglegir krakkar

Nemendur Kerhólsskóla hafa verið duglegir að tína saman greinar af trjám eftir að klippt var í skóginum við skólann nýlega. Greinar eru út um allt í skóginum og því þótti krökkunum gaman að fara í skógin og tína þær saman og safna þeim í hrúgu við skólann þar sem þær verða fjarlægðar. Magnús Hlynur Hreiðarsson tók þessar ljósmyndir af nokkrum duglegum nemendum í frístund



Sóknarnefnd Mosfellssóknar hefur ákveðið eftirfarandi framkvæmdir við kirkjugarðinn á Stóru-Borg :

Uppræta illgresi, lagfæra garðflöt og endurtyrfa, grísa trjágróður, lyfta upp og rétta við fallin minnismerki, fjarlægja ónýta leiðisramma og annað til fegrunar kirkjugarðsins. Einnig er fyrirhugað að lagfæra núverandi steiptan vegg sem umlykur kirkjugarðinn,

Þeir sem hafa eitthvað við framkvæmd þessa að athuga eru vinsamlega beðnir að hafa samband við sóknarnefndarformann

*Hörð Óla Guðmundsson, Haga II,
í síma 486-4473/863-4573 eða
netfang horduroli@gmail.com innan átta vikna frá birtingu auglýsingar þessarar sbr. Lög um kirkjugarða frá 4. maí 1993*



Metaðsókn í vinnuskóla sumarsins

Vinnuskóli Grímsnes- og Grafningshrepps verður fjölmennur í sumar því 12 unglingar hafa skráð sig í skólann, sem stendur frá 8. júní til 17. júlí. Unglingarnir eru í 7. til 10. bekk. Markmið vinnuskólans er m.a. að bjóða upp á uppbyggjandi sumarstarf fyrir ungmenni í sveitarfélaginu þar sem fjölbreytt verkefni verða í boði. Einnig að kenna fagleg vinnubrögð, notkun almennra verkfæra og um náttúru og umhverfi. Þá verða haldin námskeið eins og í skyndihjálp og fjármálalæsi, auk þess sem boðið verður upp á fjölbreytta skemmtun því vinnuskólinn á að vera skemmtilegur vinnustaður þar sem öllum líður vel og allir fá að njóta sín.

Umsjónarmaður vinnuskólans verður Magnús Hlynur Hreiðarsson, garðyrkjufræðingur og yfirmaður frístundar í Kerhólsskóla í vetur.

Sími vinnuskólans er 893-6800 ef einhver þarf að ná í umsjónarmann eða koma með gagnlegar ábendingar.



Frá Búnaðarfélagi Grímsneshrepps

Aðalfundur Búnaðarfélags Grímsneshrepps

verður haldinn í Félagsheimilinu Borg

mánudaginn 22. júní kl. 20:00

Dagskrá:

- 1. Venjuleg aðalfundarstörf.**
- 2. Kaffiveitingar.**
- 3. Önnur mál.**

Stjórnin



Undanfarin vor um alllangt skeið hefur Lionsklúbburinn Skjaldbreiður haft það sem eina af okkar mikilvægustu fjáröflunum að týna rusl úr vegköntum. Biskupstungnabraut og upp að Brúará, og síðan frá Biskupstungnabraut og upp að Þjóðgarðshliði.

Þetta vorið leituðum við til sveitastjórnarinnar í Grímsnes- og Grafningshreppi um samstarf við hreinsun, sem var samþykkt.

Að kvöldi 28. apríl lögðum við af stað 10 félagar með einn gest sem er reyndar Lions líka, á fjórum bílum með þrjár kerrur og ekki veitti af. Því að loknu kvöldverki voru þær sneisa fullar af eins og sagt er allskonar, allt frá kerruhlutum, bílhlutum og hvað það var sem við tíndum ekki upp til förgunar. Að loknu verki var svo öllu skilað í gámana að Seyðishólum, en við fengum starfsmann sveitarfélagsins til að opna fyrir okkur þótt seint væri. Við þökkum GOGG fyrir samstarfið um von um áframhald á næsta vori.

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður óskar öllum gleðilegs sumars.
Kv. Félagar í Skjaldbreiður.




Girðingar meðfram stofn- og tengivegum í Grímsnes- og Grafningshreppi

Vegagerðin og Grímsnes- og Grafningshreppur hafa gert með sér samkomulag um að sveitarfélagið sinni viðhaldi girðinga meðfram stofn- og tengivegum.

Þá er lögð sérstök áhersla á girðingar sem búfénaður er hafður á beit við. Sveitarfélagið og eigandi jarðarinnar sem liggur að veginum gera einnig með sér samkomulag.

Við undirritun samkomulagsins færirst réttur sem landeigandi kann að eiga samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma á hendur Vegagerðinni varðandi þátttöku í viðhaldskostnaði girðinga yfir til sveitarfélagsins, sjá nánar núgildandi reglugerð nr. 930/2012 með síðari breytingum, sbr. 52. og 58. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Þeir bændur sem hafa áhuga á að gera slíkt samkomulag við sveitarfélagið er bent á að hafa samband með tölvupósti á netfangið gogg@gogg.is



Grenndarstöðvar í Grímsnes- og Grafningshreppi



Hér er eingöngu hægt að henda:



Vinsamlega athugið að mikilvægt er að flokka úrganginn í rétta gáma og að ekki sé skilinn eftir úrgangur fyrir utan gámana. Allur úrgangur sem ekki fer í gámana á að fara með á Gámastöðina Seyðishólum.

Vortiltekt

Lögbýlum og fyrirtækjum í Grímsnes- og Grafningshreppi býðst að fá til sín annars vegar járnagám og / eða timburgám í maí og júní.

Miðað er við að hver gámur geti verið á staðnum í allt að 7 daga.

Panta þarf gámana annað hvort í síma 480-5500 eða með tölvupósti á steinar@gogg

Gámarnir eru endurgjaldslausir í tilefni af hreinsunarátakinu Hreint Suðurland sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur umsjón með.



Garðeigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi Ókeypis molta

Frá og með 11. maí býðst garðeigendum að nálgast moltu á Gámasvæðinu Seyðishólum þeim að kostnaðarlausu. Eina sem þarf að gera er að mæta á svæðið á opnunartíma með **ílát eða kerru og skóflu** og ná sér í moltu.

-Moltan er blanda af þeim lífræna úrgangi sem Gámapjónustan safnar hjá íbúum, fyrirtækjum og stofnunum, hrossataði og trjáúrgangi sem búið er að fara í gegnum hitameðferð.

-Moltan þykir kraftmikill jarðvegsbætir sem gott er að blanda annarri mold í hlutföllunum 1/3 (1 hluti molta 2 hlutar mold) eða dreifa yfir beð og grasflatir í þunnu lagi.

-Moltan er afrakstur innlendar endurvinnslu.

Minnum á sumaropnun Gámastöðvarinnar

ATH. breyttan opnunartíma um helgar !

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. júní til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Sumar 2020

Hreinsun rotþróa

Kæri íbúi/fasteignaeigandi á bláa svæði. Nú stýttist í hreinsun rotþróa á þínu svæði og er mikilvægt að við getum hreinsað rotþróna þína án vandræða.

Það felst í því að:

- Hafa gott aðgengi að þrónni, gott er að vera búin að reita gróður frá stútnum ef þarf.
- Merkja stútin með stiku eða fána ef hann sést ekki vel.
- Til þess að hægt sé að hreinsa rotþróna þarf hreinsistúturinn á rotþrónni að vera að lágmarki 110 mm.



**HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM
KLÓSETTIÐ ER **EKKI** RUSLAFATA.**
Sturtum ekki blautþurrkum og öðru
rusli niður!



Opnunartími í sumar frá 1. maí 2020

Mánudaga—fimmtudaga 10:00 —18:00

Föstudaga & laugardaga 10:00 —20:00

Sunnudaga 11:00 – 18:00

✓ Á grillið

✓ Langsteikin

✓ Ísinn



*Næstum allt sem þú þarft, líka það sem þú
þarft ekki neitt en langar bara í :)*

Velkomin

JARÐVINNUVERKTAKAR
FEDGAVERK
Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115
TÖKUM AÐ OKKUR STÓR OG SMÁ VERK.



JARÐVINNU, TÆTINGU ÞÖKULAGNINGU,
JARÐHEFLUN, SNJÓMOKSTUR,
BÍLAFLUTNINGA & FÓLKSFLOTNINGA
Netfang: verktaki89@gmail.com



Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnana frá kl. 8:15 - 11:00

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112



Lyfjaendurnýjun er hjá læknaritutum kl. 8:00—9:00 í síma 432 2020

Vilt þú vera með í að skapa okkar heilsueflandi samfélag?



Sveitarfélagið er að fara af stað með verkefnið Heilsueflandi samfélag í Grímsnes- og Grafningshreppi og leitar nú til íbúa um að koma með tillögur að verkefnum sem tengjast hreyfingu og útiveru. Á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is og á fésbókarsíðu sveitarfélagsins má finna 8 mín. kynningu á verkefninu og hlekk á þarfagreiningu.

Við skorum á þig að taka þátt í þarfagreiningunni og segja okkur: Hvar og fyrir hverja í sveitarfélaginu er þörf fyrir verkefni/íhlutanir sem tengjast hreyfingu og útiveru? Hvernig sköpum við umhverfi sem gerir holla valið að auðvelda valinu? Og það á við fyrir alla aldurshópa.

Takk fyrir að taka þátt í að skapa okkar heilsueflandi samfélag.

Fyrir hönd stýrihópsins

Gunnar Gunnarsson

Verkefnastjóri

Netfang: heilsueflandi@gogg.is



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642




ÁRTANGI

669-0108

694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16



Verið hjartanlega velkomin.



Upplýsingar á facebook, sveitagardur@gmail.com
sími 866-5168 eða 898-1599.

Kíkið á okkur á Facebook / Sveitagarðurinn-
Familypark
eða Instagram / sveitagardurinn.

Bundið slitlag á heimreiðar

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti nýlega reglur um kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins við lagningu bundins slitlags á heimreiðar að lögbýlum. Fyrirkomulagið er þannig að Vegagerðin greiðir kostnað við undirbyggingu vegarins og helming efra burðarlags, en Grímsnes- og Grafningshreppur ásamt ábúendum greiðir fyrir helming efra burðarlags og allan kostnað við klæðningu á veginn.

Reglurnar sem gilda um verkefnið má finna á heimasíðunni www.gogg.is undir Stjórnsýsla -> Reglur, styrkir og afslættir.

Athugið að ábúendur þurfa að skila inn umsókn **fyrir 1. september** ár hvert vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru árið eftir.

Hægt er að senda póst á netfangið gogg@gogg.is fyrir nánari upplýsingar.



HÓLABÚÐIN



Við höfum opnað verslun í Laugardalshólum og erum við með nauta- og lambakjöt ásamt ýmsum hannyrðum til sölu.

Verið hjartanlega velkomin. Erum á facebook undir [Laugardalshólar](#).

Opnunartími verslunar er:
Mánudaga - Fimmtudaga kl. 13-18
Föstudaga kl. 13-21
Laugardaga og Sunnudaga kl. 13-17

Heiða Björg sími 8931281
Jóhann Gunnar sími 8948081

BORGARSMÍÐUR

Tek að mér alhliða smíðavinnu



ÞORKELL
ÞORKELSSON

GSM: 848-3857

Netfang: 8483857@gmail.com



RAFLAGNIR – VIÐGERÐIR

Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFÖSS

Íþróttamiðstöðin Borg

Sumaropnun

MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL: 10:00 - 22:00

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA KL: 10:00 - 19:00



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími: 480-5530

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is